

ReSound

rediscover hearing

ReSound nær óviðjafnanlegum hljómgæðum með því að nýta nýjustu þekkingu á heyrninni og nota bestu hönnun og tækni sem völ er á – allt byggt á traustum heyrnarfræðilegum skilningi með víðtækri yfirsýn yfir þarfir notenda.

Nánari upplýsingar um ReSound Live™ heyrnartækin eða til að prófa þau vinsamlegast hafið samband við Heyrn í síma 534 9600 til að panta tíma.

Sjá einnig:

www.heyirn.is og www.resound.com/live

ReSound og rediscover hearing eru skráð vörumerki The GN ReSound Group. © 2009 GN ReSound Group, öll réttindi áskilin.

Heyrn ehf
Hlíðasmára 11
201 Kópavogur
Sími: 534 9600
Netfang: heyrn@heyirn.is
www.heyirn.is

MT101087-IS, 10.01, Rev. A

ReSound Live™


Með þeim heyrast hljóð úr öllum áttum á eðlilegan hátt



 SURROUND
SOUND
by ReSound

ReSound

rediscover hearing



Kringóma (surround) heyrn breytir miklu

ReSound Live heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma heimabíó með hátalara til allra átta. ReSound Live setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í.

Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu. Auk þess eru ReSound Live einstaklega vel hönnuð þannig að þau eru bæði þægileg og falla að smekk flestra.

Maður þarf ekki lengur að draga sig í hlé því nú er hægt að taka fullan þátt í samskiptum við fjölskyldu og vini, þegar öll hljóð heyrast eins og á að heyra þau. Heyrnartækin ljá manni að heyra hljóð óháð því hvaðan þau berast.

Með „surround“
hljóðupplifun er átt við
að maður njóti heyrnar-
innar best ef hljóð heyrast
óþjögugt og á eðlilegan hátt.



Að gerast liðtækur á ný

“ *Hvort sem ég er á veitingastað, á gangi utandyra eða í bílnum eru hljóðgæðin einstök. Ég skynja vel hljóðin sem berast mér til eyrna og ég tengist heiminum umhverfis mig á eðlilegan hátt. Ég er mikið úti í náttúrunni og nú angrar vindgnauð í heyrnartækjunum mig ekki lengur.*

ReSound Live heyrnartækin eru einstök vegna þess að í þeim er kringóma (surround) hljóðvinnslukerfi sem vísindamenn hjá ReSound hafa fundið upp en meginþáttur þess er háþróaður kringóma örgjörvi. Á sama hátt og mannseyrað skilur þessi tækni bassa frá diskanti og meðhöndlar hvorn á sinn hátt, en það leiðir til:

- Fyllri og eðlilegri hljóðgæða.
- Betri talskilnings, jafnvel við mjög krefjandi aðstæður.
- Að maður tekur betur eftir því sem er að gerast umhverfis mann.
- Að auðveldara er að greina hvaðan hljóð berast.



Að vera stilltur á fyllri og hreinni hljóm

ReSound nær með hinni einstöku kringóma (surround) hljóðtækni verulega bættri heyrn með hreinni og fyllri hljómi.

Fyllri og eðlilegri hljómur

Í ReSound Live er háþrúð hljóðþökkun og suðdempun sem skila sérlega eðlilegu hljóði án suðs, vindgnauðs eða bjögunar. Endurómshemlun (WhistleControl™) hindrar að það ýlfri eða pípi í tækjunum, jafnvel við hinar erfiðustu aðstæður, s.s. þegar talað er í síma.

“ *Mér vaxa ekki lengur í augum aðstæður og mér finnst ég ekki lengur vera afskiptur sem skiptir öllu máli fyrir mig. Þegar maður hefur ekki lengur áhyggjur af að tapa úr samtölum eða að heyra ekki það sem er að gerast fyrir aftan mann eykst sjálfstraustið til muna.* ”

Að heyra skýrt í viðmælanda hvar sem er

ReSound Live bæta talskilning mikið, jafnvel þar sem verulegur hávaði er. Með kringóma hljóðvinnslu vaktar maður og skynjar betur umhverfið og á auðveldara með að átta sig á hvaðan hljóðið berst.

Á leið um fjölfarna götu getur maður haldið uppi samræðum og heyrt í bíl sem nálgast og vitað hvaðan hann kemur. Í teiti eða á þéttsetnum veitingastað er auðvelt að tala við þann sem er fyrir framan mann og um leið fylgjast með þeim sem er við hliðina eða þjóni sem spyr spurninga. Í stuttu máli er maður mjög meðvitaður um það sem er að gerast umhverfis mann.

Hljóð og völundarsmíði

“Ég vandist þeim strax og hef ekki tölu á hversu oft ég hef gleymt að taka þau af mér þegar ég fer að hátta. Maður gleymir einfaldlega að maður sé með heyrnartæki.

Margar gerðir eru af ReSound Live en það auðveldar manni með aðstoð heyrnarfræðings að velja það tæki sem best hentar.

Hér fyrir neðan má sjá myndir af tveimur gerðum, sem hannaðar eru á nýstárlegan hátt, auk sex staðaltegunda. Öll eru tækin búin óviðjafnanlegu samspili látleysis og þægilegheita sem nálgast fullkomnun.



RESOUND LIVE

MEÐ HÁTALARA INNI Í EYRUM

Tækin hverfa á bak við eyrun og sitja þar á þægilegan hátt. Í þessum tækjum eru mun fleiri þættir en finnast í öðrum tækjum af sambærilegri stærð, s.s. t-spóla, val um hentiforrit og styrkstillir.



RESOUND LIVE INNI Í HLUST

MEÐ HLJÓÐNEMA Á SNÚRU

Fíngerð en öflug og einstök hönnun þeirra gerir það að verkum að þau falla á þægilegan hátt inn í hlustirnar og hljóðnemarnir fara í krikana fyrir ofan hlustirnar og eru þar í skjóli. Tækin eru alsjálfvirk og mjög auðveld í notkun.



CIC



ITC



ITE



Fingert BTE



Staðal BTE



Kraft BTE, nýtt

Hvað er í tækjunum?

Hvað gerir það?

Surround sound processor <i>Kringóma örgjörvi</i>	<ul style="list-style-type: none">• Gefur fyllri og hljómbetri hljóð án vindgnauðs og annarra truflana.• Maður tekur betur eftir því sem gerist umhverfis mann.• Það heyrir betur hvaðan hljóðið berst.
AutoScope Adaptive Directionality™ <i>Sjálfvirk aðlögunarstefnuvirkni</i>	<ul style="list-style-type: none">• Eykur talskilning, sérstaklega ef hávaði er.• Auðveldar samræður í margmenni þar sem mikið er skvaldrað.
Natural Directionality™ II <i>Eðlileg stefnuvirkni</i>	<ul style="list-style-type: none">• Gerir manni kleift að halda uppi samræðum án þess að missa af því sem gerist umhverfis mann.• Óþarfi er að skipta um hentiforrit.
Dual Stabilizer® II DFS with WhistleControl™ <i>Tvívirkur jafnari með endurómshemlun</i>	<ul style="list-style-type: none">• Gefur þægilegan hljóm sem er laus við ýl og ýlfur, jafnvel við krefjandi aðstæður, s.s. þegar talað er í síma.
Warp17™ compression with extended bandwidth <i>Warp17 þökkun með aukinni bandbreidd</i>	<ul style="list-style-type: none">• Tryggir að bjögun sé hverfandi og mikla hljóðupplausn.• Skilar eðlilegu hljóði.
Environmental Optimizer™ <i>Hljóðumhverfisbestun</i>	<ul style="list-style-type: none">• Gefur eðlilega og einstaklingsbundna mögnun við hvaða aðstæður sem er.• Engin þörf að skipta um forrit.
NoiseTracker™ II <i>Suðdempari</i>	<ul style="list-style-type: none">• Eykur þægindi án þess að það komi niður á talskilningi.